# Þingsályktun

**um athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins.**

---

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna matvælaverð á Íslandi í samanburði við helstu nágrannalönd. Jafnframt verði reynt að gera grein fyrir hugsanlegum ástæðum mismunandi matvælaverðs, svo sem ólíkum verslunar- og framleiðsluháttum.

Niðurstöðum þessarar athugunar skal skila til Alþingis innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar.

---

*Samþykkt á Alþingi 11. desember 2002.*